

Truenorth Ísland ehf
Seljavegi 2, 2.h.
101 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Hellu, 28. október 2014
Tilvísun: UST20141000220/ie

Umsókn um kvikmyndatökur úr þyrlu yfir Gullfossi

Umhverfisstofnun hefur móttengið umsókn Haraldar Bjarnasonar, f.h. Truenorth ehf., dags. í dag, vegna kvikmyndatöku úr þyrlu yfir Gullfossi fyrir fyrirtækið Dentsu.

Lýsing framkvæmdar:

Samkvæmt umsókninni er ráðgert að fljúga þyrlu yfir fossinum, suðvestan megin, í 50-100 m hæð og mynda þaðan úðann af honum. Ráðgert er að tölur fari fram um kl. 14 þann 29. október nk. eða að morgni þess 30., til vara. Áætlað er að tölur taki um 15 mínútur.

Áhrifamat og skilyrði:

Gullfoss er friðland og gilda um það sérstakar reglur sbr. auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 141/1979. Í reglum um friðlandið kemur fram að óheimilt er að skerða gróður, trufla dýralíf og skemma jarðmyndanir á hinu friðlýsta svæði, auk þess sem mannvirkjagerð, jarðrask og aðrar breytingar eru óheimilar án leyfis Umhverfisstofnunar. Gangandi fólk er heimil för um svæðið, enda sé góðrar umgengni gætt. Frekari upplýsingar um friðlandið við Gullfoss er að finna á vef Umhverfisstofnunar, <http://ust.is/einstaklingar/nattura/fridlyst-svaedi/sudurland/gullfoss/>

Umhverfisstofnun metur í hvert sinn hvort kvikmyndataka kallar á að veitt sé sérstakt leyfi á friðlýstum svæðum. Er þá metið hvort framkvæmdir, kalla á breytingu svæðis af einhverju tagi, jarðrask, truflun á dýralífi eða mannvirkjagerð, sbr. og friðlýsingarskilmála viðkomandi svæðis.

Umhverfisstofnun veitir fyrir sitt leyti leyfi til framangreindrar kvikmyndatöku, enda hafi framkvæmdin ekki bein áhrif á náttúruferla svæðisins. Þó er varað við því að upplifun gesta svæðisins geti skerst. Gestir eru að jafnaði færri snemma dags en um hann miðjan og því væri sá tími heppilegri, ef kostur er. Óskað er eftir því að umsækjandi horfi til þess.

Þá er bent á að leyfi til að fljúga undir lögbundinni flughæð er háð samþykki Samgöngustofu.

Að öðru leyti er vísað til reglna um friðlandið:

- Að umgengni um svæðið verði góð og reglum um það verði í hvívetna fylgt. Dýralíf verði ekki fyrir óþarfa truflun og hvorki jarðvegi né gróðri verði raskað.
- Rík áhersla verði lögð á að aðrir gestir/ferðamenn svæðisins verði ekki fyrir óþarfa truflun vegna kvikmyndatökunnar.


Leyfishafi skal hafa samband við landvörð Umhverfisstofnunar á Gullfossi og Gleysu Guðmundsdóttur, í s. 822-4031, um leið og ljóst verður hvenær tókur munu fara fram, og greina henni frá tímasetningunni.

Leyfisbréf þetta skal haft meðferðis við kvikmyndatökurnar


Eftirlit:

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með kvikmyndatökunum. Umsækjandi greiðir allan útlagðan kostnað vegna eftirlitsins ásamt eftirlitsgjaldi sem er kr. 11.200 fyrir hverja klukkustund, sbr. gjaldskrá fyrir verkefni og þjónustu Umhverfisstofnunar nr. 1281/2013.

Virðingarfyllst



Sigrún Agúsdóttir
Sviðsstjóri



Ingibjörg Eiríksdóttir
Sérfræðingur